

6.4.09

33. mál

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1525  
komudagur 6.4.2009

**Athugasemdir dómsmálaráðuneytisins við breytingartillögur minni hluta allsherjarnefndar frá því vorið 2008.**

**1. Hryðjuverk.**

Með frumvarpinu er verið að gera nauðsynlegar breytingar á hegningarlögum til að framfylgja skuldbindingum íslenska ríkisins að þjóðarétti sem eru til komnar með aðild að alþjóðasamningum sem gerðir hafa verið til að samræma aðgerðir gegn hryðjuverkum. Þá er sömuleiðis verið að koma til móts við athugasemdir alþjóðlegrar nefndar (FATF) um gildandi ákvæði, m.a. varðandi beina fjármögnun hryðjuverka. Ef vilji meiri hluta allsherjarnefndar er hins vegar nú sá sem birtist í breytingartillögum minni hlutans frá 2008 um að fella brott 3. gr. b-lið, 4. gr. og 5. gr. setur ráðuneytið sig ekki upp á móti því, verði það til þess að önnur ákvæði þess hljóti framgang. Ráðuneytið vill hins vegar leggja áherslu á það að verði þessi ákvæði frumvarpsins felld brott er ekki unnt að fullgilda Evrópuráðssamning gegn hryðjuverkum frá 3. maí 2005.

**2. Mansal.**

Sérfræðingar dómsmálaráðuneytisins hafa skoðað tillögur minni hlutans um breytingar á útlendingalögum í tilefni af fullgildingu alþjóðasamninga um mansal. Eru lagðar til einfaldari breytingar í þessu skyni sem eru meðfylgjandi. Eru breytingarnar í fullu samræmi við Evrópuráðssamninginn um aðgerðir gegn mansali og Palermóbókunina, en m.a. er lagður til lengri umþóttunartími en þar kemur fram - allt að sex mánuðir eins og tíðkast í Noregi.

**3. Vændiskaup.**

Ráðuneytið og refsiréttarnefnd hafa komið ábendingum sínum á framfæri um þetta efni, sbr. tölvupóstur til ritara allsherjarnefndar 20. mars sl.

**4. Nauðgun.**

Í nefndaráliti minnihlutans eru lagðar til þær breytingar á 1. mgr. 194. gr. að verknaðarlýsing ákvæðisins sé felld brott og lágmarksrefsing hækkuð. Á árinu 2007 fór fram heildarendurskoðun á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot þ. á m. ákvæðum þessarar greinar. Í þessu frumvarpi er ekki verið á neinn hátt verið að gera tillögur um breytingar á þessum ákvæðum. Að mati ráðuneytisins og refsiréttarnefndar verður að teljast mjög óeðlilegt að leggja til grundvallarbreytingar á nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga með breytingartillögu á fyrirliggjandi frumvarpi, án þess að tillagan hafi fengið eðlilega umfjöllun m.a. í dómsmálaráðuneytinu, þar sem meðal annars eru lagt til að allar skilgreiningar á nauðgunarhugtakinu séu felldar brott.

**5. Eignaupptaka.**

Þegar frumvarpið var samið í refsiréttarnefnd á sínum tíma fór fram ítarleg skoðun á því hvort ákvæði frumvarpsins um eignaupptöku (m.a. um öfuga sönnunarbyrði) brjóti gegn stjórnarskránni eða mannréttindasáttmála Evrópu og er ítarleg umfjöllun um það í athugasemdum með frumvarpinu. Niðurstaða var að svo ekki talið. Rétt er að benda á að verði slík ákvæði að lögum er um afar mikla réttarbót fyrir réttarvörslukerfið að ræða í baráttu sinni gegn fíkniefnabrotum og annarri skipulagðri brotastarfsemi. Engar breytingartillögur hafa verið gerðar við þetta ákvæði og er lagt til að það verði samþykkt óbreytt.